

Breytingar á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 12. maí 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Landsneti hf. um breytingar á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Breytingar á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ. Matsskyldufyrirspurn. Landsnet hf. – Verkís. Maí 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 2. júlí 2026,
- Minjastofnun Íslands dags. 8. júní 2026,
- Náttúrufræðistofnun dags. 10. júní 2026,
- Náttúruverndarstofnun dags. 10. júní 2026,
- Vegagerðinni dags. 9. júní 2026.

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 8. júlí 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu 132 kV loftlínu 4,23 km leið við sunnanverðan Dýrafjörð frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú og er um að ræða framkvæmd sem er liður í styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum. Framkvæmdin felst m.a. í slóðagerð, efnistöku, vinnu við plön, undirstöður og stagfestur, reisingu mastra og strengingu leiðara. Bil á milli mastra verður frá um 160 m og upp í tæplega 280 m og breidd slóða verður að jafnaði 3,5 - 4,5 m og verða þeir lagðir með þeim hætti að flutt er fyllingarefni á staðinn. Í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið eru skilgreindar námur á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 en mögulega þarf að bæta nýjum efnistökusvæðum inn á aðalskipulagsbreytingu sem er í ferli vegna framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir að frágangur svæðis við möstur, plön og vegslóða verði með þeim hætti að það taki á sig mynd aðliggjandi svæða og verður staðargróður nýttur til að græða það land sem raskað verður. Þar sem það á við verður endurnýtt svarðlag við frágang svæða.

Þáttur	
Lengd línu	4,23 km
Spenna	132 kV / 66 kV
Flutningsgeta (miðað við 40°C leiðarahita)	180 MVA
Gerð leiðara	470-AL3 (18,14 mm)
Fjöldi mastra	20 stk
Meðalhæð mastra	16 m
Lengd jarðvira	950 m
Efnisþörf	18.300 m ³
Lengd nýrra slóða	2,7 km

Tafla 1 Helstu kennistærðir (Úr greinargerð Landsnets).



Mynd 1 Staðsetning framkvæmdasvæðisins, ný línuleið Breiðadalslínu 1 frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú. Gula línan sýnir áformaða legu nýju raflíunnar en bláa línan sýnir núverandi Breiðadalslínu 1 (Úr greinargerð Landsnets).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets hf. og umsögnum umsagnaraðila.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að línuleiðin liggi um óræktað land á láglendi en bróðurpartur leiðarinnar er vel gróinn. Meðal vistgerða á svæðinu eru starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi og lyngmóavist á láglendi með hátt verndargildi. Innan

framkvæmdasvæðisins er votlendi sem hefur verið raskað m.a. vegna vegagerðar en fyrirhugaðar framkvæmdir munu raska votlendi frekar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að æskilegt sé að gerð verði betri grein fyrir gróðri á línuleiðinni og metið hversu mikið votlendi muni raskast vegna framkvæmdanna og hvort fyrirhugað sé að endurheimta votlendi í stað þess sem kann að raskast. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem nákvæmni vistgerðarkortlagningar er takmörkunum háð telur stofnunin mikilvægt að vistgerðir verði kortlagðar á vettvangi til að fá fullnægjandi mynd af stöðu þeirra.

Í svörum Landsnets kemur fram að skv. gróðurkönnun Náttúrustofu Vestfjarða frá árinu 2008 sem Vegagerðin byggði á við umhverfismat Dýrafjarðarganga þá virðist sem þau votlendissvæði sem getið er um í þeirri könnun séu að mestu utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Við frekari útfærslu framkvæmdarinnar verður horft til afmörkunar gróðurlandanna í framangreindri sérfræðiskýrslu og leitast við að hnika legu slóða og mastra þannig að áhrif verði lágmörkuð. Við jarðkönnun m.t.t. staðsetningar mastra er alla jafna leitast við að forðast votlend svæði og reynt að staðsetja þau frekar á þurru og fastara undirlagi. Þá telur Landsnet að framkvæmdasvæði raflínunnar fari lítið sem ekkert um starungsmýrarvist.

Fuglar

Fram kemur að fuglarannsóknir hafi farið fram við innanverðan Dýrafjörð á vegum Náttúrustofu Vestfjarða í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Dýrafjarðarganga árið 2008. Framkvæmdasvæðið er utan svæða sem teljast mikilvæg fuglasvæði samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar en botn Dýrafjarðar er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruuminjaskrár, m.a. vegna auðugs fuglalífs. Framkvæmdin getur valdið truflun á búsvæðum fugla á varptíma á framkvæmdatíma. Lega nýrrar línu hefur ekki í för með sér aukna hættu á áflugi í Dýrafirði, þ.e. að teknu tilliti til legu línunnar í landinu, skörunar við farleiðir fugla inn og út fjörðinn og núverandi legu línunnar við Dýrafjarðarbrú.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt sé að beita varúð og tryggja að raski á búsvæðum fugla verði haldið í lágmarki. Stofnunin leggur áherslu á að framkvæmdir fari ekki fram á viðkvæmasta varptíma nema að undangengnu staðbundnu mati á fuglalífi og að rasksvæði verði vel afmörkuð. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti meta hættu á áflugi fugla á línuna. Þetta á sérstaklega við um tegundir á válista og sjaldgæfa fugla sem eru viðkvæmir fyrir áflugi eins og t.d. haförninn, en aðalvarpútbreiðsla hafarna er á vesturhelmingi landsins, á Vestfjörðum þar á meðal.

Í svörum Landsnets kemur fram að annars vegar muni fyrirtækið leitast við að haga framkvæmdum á þann hátt að þær valdi ekki truflun á búsvæðum fugla á varptíma, þ.e. með tilhögun framkvæmda. Á hinn bóginn telur Landsnet rétt að vekja athygli á því að við framkvæmdir þarf einnig að taka tillit til tíðarfars til að minnka neikvæð áhrif, t.d. þannig að tilhögun vinnu og umfang vinnusvæðis valdi sem minnstu raski (og því til lengri tíma minni áhrif á fuglalíf). Því geta framkvæmdir fallið inn í varptíma og því gætu aðstæður (veður og árstíðabundið árferði) orðið með þeim hætti að framkvæmdir og varptími féllu að einhverju leyti saman. Framkvæmdum ætti ekki að fylgja mikill hávaði eða truflun en Landsnet mun eigi að síður haga framkvæmdum þannig að truflun á varpi fugla verði lágmörkuð. Fyrirséð er að áhrif framkvæmdarinnar eru staðbundin og verða mest á framkvæmdatíma, en búsvæði á áhrifasvæði línunnar geta að mestu náð fyrra ástandi að mestu leyti innan fárra ára.

Landsnet bendir á að ekki liggi fyrir upplýsingar um arnarvarp innan framkvæmdasvæðisins, þó að ernir hafi sést í nágrenni þess. Ætla má að hætta á áflugi arna sé mest þar sem línan liggur um opið landslag norðan Kjaransstaða og að Dýrafjarðarbrú, þ.e. á flugsvæði inn og út Dýrafjörð. Landsnet vekur athygli á því að með því að fjarlægja eldri línu á þeim kafla ætti að draga úr áflugshættunni.

Vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan grunnvatnshlotsins 101-274G – Vestfirðir. Í nálægð við fyrirhugaða línu eru strandsjávarhlotin 101-1386-C – Dýrafjörður og 101-1281-C – Dýrafjarðarbotn. Unnið hafi verið áhrifamat á vatnshlot en fyrirhugaðar framkvæmdir fela ekki í sér vatnstöku, niðurdælingu eða losun efna í grunnvatn og er jarðrask staðbundið og bundið við mastrastæði, vinnuþlön og vegslóða. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á magn- eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins eða hindri að umhverfismarkmið þess náist. Í ljósi eðlis og staðsetningar framkvæmdarinnar er ólíklegt að lagning loftlínu á þessu svæði hafi áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand strandsjávarhlotanna eða hindri að umhverfismarkmið þeirra náist.

Landslag og ásynd - Verndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð línuleið Breiðadalslínu 1 sé innan svæða á náttúruminjaskrá, þ.e. aðrar náttúruminjar C-hluta. Um er að ræða skagann á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Veigamikil áhrif af lagningu línunnar er breyting á ásynd svæðisins með tilkomu nýrrar línu. Hún mun hafa áhrif á landslag svæðisins þar sem eru tiltölulega fá mannvirki, þ.e. ef frá er talinn Vestfjarðavegur. Áhrifin verða helst á bænum Kjaranstöðum og fyrir þá sem fara um Vestfjarðaveg (60) frá Dýrafjarðarbrú að Dýrafjarðargöngum. Einnig eru möguleg áhrif á þá sem stunda útivist á svæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í greinargerð vanti upplýsingar um hvaða aðgerðir verði farið í til að tryggja að loftlínan hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðis á náttúruminjaskrá.

Í svörum Landsnets kemur fram að framkvæmdin muni hafa áhrif innan svæðisins en þar sem línan muni liggja í nálægð við núverandi mannvirki ætti hún ekki að draga merkjanlega úr verndargildi svæðisins. Landsnet leggur áherslu á að við útfærslu framkvæmdarinnar hefur verið leitast við að lágmarka áhrif með því að hnika legu línunnar og vegslóða frá viðkvæmum svæðum og að línuleiðin liggja, eftir því sem kostur er, um raskað land. Jafnframt hefur verið leitast við að aðlaga línuna að landi.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Framkvæmdin kallar á breytingu á stefnu aðalskipulagsins um rafveitu þar sem legu línunnar er breytt og ákvæðum um hana er einnig breytt, þ.e. skilgreind verður loftlína í stað jarðstrengs. Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulaginu var kynnt í mars 2026 og verður skipulagsgerðin unnin samhliða tilkynningu um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Innan framkvæmdasvæðisins er í gildi Deiliskipulag Dýrafjarðarganga – Drangar, þ.e. deiliskipulag við munna Dýrafjarðarganga í landi Dranga sem tók gildi tók gildi 14. nóvember 2016. Framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og kallar á breytingu á því.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Framkvæmdin er háð leyfi Vegagerðarinnar vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæða samkvæmt 32. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Framkvæmdin er háð leyfi Raforkueftirlitsins þar sem hún er ekki á samþykktum kerfisáætlunum.

6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingu á Breiðadalslínu 1 sem felst í að leggja nýjan hluta á 4,23 km leið línunnar í Dýrafirði frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú, þar sem hún tengist núverandi loftlínu. Eldri lína verði tekin niður frá þeim stað þar sem ný og eldri lína sameinast ofan Kjaransstaða og að Dýrafjarðarbrú. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 sbr. lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlandis dýra, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmdir sem eru nokkuð umfangsmiklar í eðli sínu og eru innan svæðis á náttúruuminjaskrá sem er mjög umfangsmikið svæði og telur Húsnaðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) ekki að fyrirhuguð framkvæmd muni rýra verndargildi þess. Hins vegar verða möstur og leiðarar vel sýnileg á stóru svæði við Dýrafjörð og þá einkum vegfarendum á Vestfjarðavegi sem og útivistarfólki þar sem lítið sem ekkert er um mannvirki á svæðinu fyrir utan Vestfjarðaveg. Að mati HMS verða áhrif á landslag og ásýnd nokkuð neikvæð. Framkvæmdin mun að einhverju leyti raska gróðri og vistgerðum vegna veglagningar og mastrastæða og á eða við framkvæmdasvæðið eru vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi sem og votlendissvæði. Skv. framlögðum gögnum Landsnets, m.a. gróðurkönnun frá árinu 2008 vegna lagningu hluta Vestfjarðavegar í tengslum við jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og kortasjá Náttúrufræðistofnunar mun verða eitthvað rask á votlendi en ekki liggur fyrir umfang þess rasks eða hvort um er að ræða það stór votlendissvæði að þau njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. HMS telur að Landsnet þurfi tvímælalaust að forðast eins og kostur er að raska votlendum svæðum og til að svo megi verða telur HMS að fyrirtækið þurfi að láta kortleggja línuleiðina og þá einkum veglínuna m.t.t. slíkra svæða áður en ráðist verður í framkvæmdir. Ljóst er að mastrastæði verða staðsett þar sem undirlag er fastara. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan mikilvægra fuglasvæða en í nágrenni þess eru svæði, m.a. leirur í botni Dýrafjarðar, þar sem fuglalíf er auðugt og Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruuminjaskrár, m.a. þess vegna. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa neikvæð áhrif á fugla þar sem búsvæðum þeirra verður raskað og fuglarnir verða fyrir ónæði á framkvæmdatíma og telur HMS að Landsneti beri að halda framkvæmdum í lágmarki á varptíma til þess að freista þess að draga úr neikvæðum áhrifum á fugla. Þekkt er að hætta er á áflugi fugla þegar reistar eru loftlínur og fram til þessa hefur Landsnet ekki talið ástæðu til að merkja leiðara til þess að freista þess að draga úr áflugi þó að nú kunni að verða breyting á í stærri verkefnum á vegum fyrirtækisins og er það vel. Í tilfelli fyrirhugaðrar framkvæmdar sem er mun minni að umfangi er kannski ekki ástæða til slíkra merkinga en HMS telur ástæðu til að Landsnet fylgist með hvort að um er að ræða áflug og þá í hvaða mæli. Fyrir liggur áhrifamat á vatnshlot og miðað við niðurstöðu þess telur HMS ekki hætta á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa þau áhrif að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. ágúst 2026.

Reykjavík, 22. júlí 2026,

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

